

LÖG

um breyting á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „framhaldsskólum“ í 1. gr. laganna kemur: og háskólum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: stunda reglubundið framhaldsskólanám hér á landi eða framhaldsskólanám erlendis og nemandi getur ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili hér á landi eða öðrum jafngildum dvalarstað.
- b. Á eftir 2. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: hafa ekki náð 18 ára aldri og stunda reglubundið nám á háskólastigi hér á landi sem miðar að skilgreindum námslokum við fræðasvið háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra samkvæmt lögum um háskóla.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. másl. kemur: Ráðherra.
- b. Í stað orðsins „fimm“ í 1. másl. kemur: þriggja.
- c. Orðin „einn skal skipaður eftir tilnefningu fjármálaráðuneytis“ í 2. másl. falla brott.
- d. Lokamálsliður greinarinnar fellur brott.

4. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 6. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. september 2011.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Svandís Svavarsdóttir.